# Val

MH er áfangaskóli þar sem nemendur velja sjálfir hvaða áfanga þeir taka hverju sinni í samræmi við námsbrautina sína.

Hér má finna hjálpleg atriði sem gætu nýst nemendum þegar verið er að velja.

Upplýsingar um brautir, áfanga og hvað er í boði hverju sinni eru á heimasíðu skólans.

# Brautir í MH

- Félagsfræðabraut - áhersla á félagsgreinar - frjálst val 35 einingar.
- Málabraut - áhersla á tungumál - frjálst val 35 einingar.
- Náttúrufræðibraut - áhersla á raungreinar - frjálst val 15 einingar.
- Opin braut með þrjár kjörgreinar - frjálst val 25 einingar.
- Listdansbraut í samstarfi við listdansskóla - frjálst val 5 einingar.
- Listmenntabraut – áhersla á leiklist eða myndlist – frjálst val 15 einingar

___________________________

- IB-braut – IB-stallari veitir upplýsingar.
- Fjölnámsbraut – Deildarstjóri fjölnámsbrautar veitir upplýsingar.

# Námsbrautir í MH - ýmis atriði

- Námið á hverri braut (nema listdansbraut) skiptist í: Grunn/kjarna (120 einingar) og sérgreinar og val (85 einingar), samtals 205 einingar. Námið á listdansbraut (215 e.) er skipulagt í samstarfi við nokkra listdansskóla: Listdansskóla Íslands, Danslistarskóla JSB og Klassíska listdansskólann. Danshlutanum lýkur með lokaprófi frá þessum skólum.
- Ef nemandi hefur hug á að taka tvær brautir saman þarf hann að gera það í samráði við áfangastjóra. Til dæmis er ekki hægt að taka opna braut og aðra braut saman.
- Nemendur þurfa að taka 3 áfanga í þriðja tungumáli á öllum brautum nema málabraut, þar eru 5 áfangar í þriðja tungumáli. Tungumálin sem koma til greina sem þriðja tungumál eru: Þýska, franska, spænska og ítalska.
- Nemendur þurfa að taka 6 einingar í líkamsrækt á öllum brautum nema listdansbraut. Það þýðir að ef nemandi er skemur en 6 annir í skólanum (lýkur færri en 6 einingum í líkamsrækt) þá þarf hann að taka bóklegar einingar á móti til að fylla upp í einingafjölda stúdentsprófsins.
- Nemendur sem innrituðust í MH haust 2023 fóru í LÍFS1AA02 og verða settir í LÍFS1AA01 að vori.

# Valvikur

- Valvika er einu sinni á önn. Þá velja nemendur áfangana sem ætlunin er að taka á næstu önn.
- Eftir valviku eru teknar ákvarðanir um hvaða áfangar verða í boði á næstu önn. Því skiptir máli að nemendur vandi valið svo áfangar sem skipta þá máli haldist inni.
- Valvika er auglýst á dagatali skólans að hausti og vori:
    - Valvika er í 9. viku annar.
    - Valvika endar á valtíma þar sem nemendur hafa tækifæri til að hitta umsjónarkennarann sinn og fara yfir valið.
    - Valið er skráð í Innu og nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans.
    - Staðfestingardagur er í lok annar, eftir að einkunnir hafa verið birtar. Þann dag staðfesta nemendur að valið þeirra sé rétt skráð.

# Allar brautir

- Viðbót í erlendu tungumáli á FÉL, NÁT og OPB – 10 einingar:
  - Hér geta nemendur bætt við sig nýju tungumáli eða tekið framhald í þeim tungumálum sem þeir hafa þegar tekið. Einungis 5 einingar af þessum 10 mega vera enska.
- Áfangi nr. tvö í sögu eða í valinni félagsgrein – FÉL, NÁT, MÁL og OPB:
  - Hér vísar „valin félagsgrein“ í þá félagsgrein sem hefur verið tekin áður, þ.e. félagsfræði, heimspeki eða sálfræði. Þ.e. ef fyrri félagsgreinaáfangi var sálfræði þá þarf áfangi nr. tvö líka að vera sálfræði,með AA sem undanfara. Tekið er fram að áfangi nr. tvö geti ekki verið í þjóðhagfræði (þó að hann hafi verið „valin félagsgrein“).

  EÐA

  - Hér má vera áfangi nr. tvö í sögu, SAGA2BX05, þ.e. áfangi í sögu sem hefur undanfarann SAGA2AA05.

# Félagsfræðabraut ný námskrá

| | | Áfangar eftir hæfniþrepum | | | | | | | | Einingar eftir hæfniþrepum | | | Yfirlit |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Grein | þrep 1 | | | þrep 2 | | þrep 3 | | | þrep 1 | þrep 2 | þrep 3 | Einingar á braut |
| Íslenska | ÍSLE | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | 3DD05 | 3EE05 | | 10 e. | 15 e. | 25 e. |
| Stærðfræði | STÆR | | | | 2AA05 | 2BQ/BB05 | | | | | 10 e. | | 10 e. |
| Enska | ENSK | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | | | | 10 e. | 5 e. | 15 e. |
| Norðurlandamál eða tilsv. | | | | | 2AA05 | | | | | | 5 e. | | 5 e. |
| Þriðja erlent tungumál | | 1AA05 | 1BB05 | 1CC05 | | | | | | 15 e. | | | 15 e. |
| Viðbót í erlendum tungumálum, a.m.k. 5 e. í öðru en ensku. | | | | | | | | | | | | | 10 e. |
| Saga | SAGA | | | | 2AA05 | 2XX05** | 3CC05 | | | | 10 e. | 5 e. | 15 e. |
| Félagsfræði | FÉLA | | | | 2AA05 | 2BB05 | | | | | 10 e. | | 10 e. |
| Sálfræði | SÁLF | | | | 2AA05 | 2XX05** | | | | | 10 e. | | 10 e. |
| Heimspeki | HEIM | | | | 2AA05 | | | | | | 5 e. | | 5 e. |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓÐ | | | | 2AA05 | | | | | | 5 e. | | 5 e. |
| Viðbót í félagsfræði eða sálfræði á 3. þrepi | | | | | | | | 3XX05*** | | | | 5 e. | 5 e. |
| Viðbót í sögu og/eða félagsfræðagreinum | | | | | | | | | | | | | 15 e. |
| Eðlisfræði* | EÐLI | | | | 2AQ/AA05 | | | | | | | | |
| Efnafræði* | EFNA | 1AQ/2AA05 | | | | | | | | | | | 15 e. * |
| Jarðfræði* | JARÐ | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Líffræði* | LÍFF | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Líkamsrækt | LÍKA | | | | | | | | | | 6 e. | | 6 e. |
| Lífsleikni | LÍFS | 1AA02 | 1AA01 | 1BB01 | | | | | | 4 e. | | | 4 e. |
| Valáfangar 35 e. (í samræmi við þrepaskilyrði) | | | | | | | | | | + | | | 35 e. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þrep 1 | = | | 205 e. |
| Þrep 2 | Mest 72 e. | Minnst 36 e. | |
| Þrep 3 | | | |

*Nemendur velja a.m.k. þrjár af þessum fjórum greinum 15 e.

** Áfangi á 2. þrepi að vali nemenda

***Áfangi á 3. þrepi að vali nemenda

- Saga: Annar áfangi í sögu má vera hvaða söguáfangi sem er sem er með áfangaheiti SAGA2XX05 eða LIST2BL05
- Sálfræði: Annar áfangi í sálfræði má vera sálfræðiáfangi sem er með áfangaheiti SÁLF2XX05.
- Viðbót í félagsfræði eða sálfræði á 3. þrepi: Áfangi sem er framahald af því sem áður hefur verið tekið í þessum greinum og er á þriðja þrepi.
- Viðbót í sögu og/eða félagsfræðagreinum: Hér má t.d. setja áfanga í Uppeldisfræði, kynjafræði eða kynheilbrigðisfræði eða Mentor áfangann.

| | | Áfangar eftir hæfniþrepum | | | | | | | | | Einingar eftir hæfniþrepum | | | Yfirlit |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Málabraut** | **Grein** | **Þrep 1** | | | | **Þrep 2** | | **Þrep 3** | | | **Þrep 1** | **Þrep 2** | **Þrep 3** | **Einingar á braut** |
| Íslenska | **ÍSLE** | | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | 3DD05 | 3EE05 | | 10 e. | 15 e. | 25 e. |
| Stærðfræði | **STÆR** | | | | | 2AA05 | 2BQ/BB05 | | | | | 10 e. | | 10 e. |
| Enska | **ENSK** | | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | 3DD05 | 3EE05 | | 10 e. | 15 e. | 25 e. |
| Norðurlandamál eða tilsvarandi | | | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC05 | | | | 10 e. | 5 e. | 15 e. |
| Þriðja erlent tungumál | | 1AA05 | 1BB05 | 1CC05 | | 2DD05 | 2EE05 | | | | 15 e. | 10 e. | | 25 e. |
| Fjórða erlent tungumál | | 1AA05 | 1BB05 | 1CC05 | | | | | | | 15 e. | | | 15 e. |
| Viðbót í tungumálum (ísl. og/eða erl. mál) | | | | | | | | | | | | | | 15 e. |
| Saga | **SAGA** | | | | | 2AA05 | | | | | | 5 e. | | 5 e. |
| Félagsfræði* | **FÉLA** | | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Heimspeki* | **HEIM** | | | | | 2AA05 | | | | | | | | 5 e. * |
| Sálfræði* | **SÁLF** | | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Þjóðhagfræði* | **ÞJÓÐ** | | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Áfangi nr. tvö (BX05) í sögu eða í valinni félagsgrein hér að ofan (nema ÞJÓÐ). | | | | | | | | | | | | | | 5 e. |
| Eðlisfræði** | **EÐLI** | | | | | 2AQ/AA05 | | | | | | | | |
| Efnafræði** | **EFNA** | 1AQ/2AA05 | | | | | | | | | | | | 15 e. ** |
| Jarðfræði** | **JARÐ** | | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Líffræði** | **LÍFF** | | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Líkamsrækt | **LÍKA** | | | | | | | | | | | 6 e. | | 6 e. |
| Lífsleikni | **LÍFS** | 1AA02 | 1AA01 | 1BB01 | | | | | | | 4 e. | | | 4 e. |
| | | | | | | | | | | | | | | = 170 e. |
| Valáfangar 35 e. | | | | | | | | | | | + | | | = 35 e. |
| (í samræmi við þrepaskilyrði) | | Þrep 1 | | | | | | | | | = | | | = **205 e.** |
| *Nemendur velja a.m.k. eina af þessum fjórum greinum 5 e. | | Þrep 2 | | | | | | | | | Mest 72 e. | | Minnst 36 e. | |
| **Nemendur velja a.m.k. þrjár af þessum fjórum greinum 15 e. | | Þrep 3 | | | | | | | | | | | | |

Viðbót í tungumálum: Viðbót í tungumálum má vera í íslensku og/eða erlendum tungumálum.

| Náttúrufræðibraut | Greir | Áfangar eftir hæfniþrepum: þrep 1 | | | þrep 2 | | | þrep 3 | | | | Einingar eftir hæfniþrepum: þrep 1 | þrep 2 | þrep 3 | Yfirlit: Einingar á braut | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íslenska | ÍSLE | | | | 2AA05 | 2BB05 | | 3CC/CH05 | 3DD05 | 3EE05 | | | 10 e. | 15 e. | 25 e. | |
| Stærðfræði | STÆR | | | | 2AA05 | 2BB05 | (2XX05)** | 3CC05 | 3DD05 | 3EE05 | (3XX05/4XX05)** | | 10 e. | 15 e. | 30 e. | ** |
| Enska | ENSK | | | | 2AA05 | 2BB05 | | 3CC/CH05 | | | | | 10 e. | 5 e. | 15 e. | |
| Norðurlandamál eða tilsvarandi | | | | | 2AA05 | | | | | | | | 5 e. | | 5 e. | |
| Þriðja erlent tungumál | | 1AA05 | 1BB05 | 1CC05 | | | | | | | | 15 e. | | | 15 e. | |
| Viðbót í erlendum tungum, a.m.k. 5 e. í öðru en ensku. | | | | | | | | | | | | | | | 10 e. | |
| Saga | SAGA | | | | 2AA05 | | | | | | | | 5 e. | | 5 e. | |
| Félagsfræði* | FÉLA | | | | 2AA05 | | | | | | | | | | | |
| Heimspeki* | HEIM | | | | 2AA05 | | | | | | | | | | 5 e. | * |
| Sálfræði* | SÁLF | | | | 2AA05 | | | | | | | | | | | |
| Þjóðhagfræði* | ÞJÓÐ | | | | 2AA05 | | | | | | | | | | | |
| Áfangi nr. tvö (BX05) í sögu eða í valinni félagsgrein hér að ofan (nema ÞJÓÐ). | | | | | | | | | | | | | | | 5 e. | |
| Efnafræði | EFNA | | | | 2AA05 | 2BB05 | | 3CA/CL05 | | | | | 10 e. | 5 e. | 15 e. | |
| Eðlisfræði | EÐLI | | | | 2AA05 | | | 3BB05 | | | | | 5 e. | 5 e. | 10 e. | |
| Jarðfræði | JARÐ | | | | 2AA05 | 2BB05 | | | | | | | 10 e. | | 10 e. | |
| Líffræði | LÍFF | | | | 2AA05 | 2BB05 | | | | | | | 10 e. | | 10 e. | |
| Líkamsrækt | LÍKA | | | | | | | | | | | | 6 e. | | 6 e. | |
| Lífsleikni | LÍFS | 1AA02 | 1AA01 | 1BB01 | | | | | | | | 4 e. | | | 4 e. | |
| Viðbót í stærðfræði og/eða raungrein að vali nemanda | | | | | | | | | | | | | | | 20 e. | |
| Valáfangar 15 e. | | | | | | | | | | | | + | | | 15 e. | |
| (í samræmi við þrepaskilyrði) | | Þrep 1 | | | | | | | | | | = | | | **205 e.** | |
| *Nemendur velja a.m.k. eina af þessum fjórum greinum 5 e. | | Þrep 2 | | | | | | | | | | Mest 72 e. | | Minnst 36 e. | | |
| **Nemendur velja a.m.k. einn 5 e. viðbótaráfanga á 2., 3. eða 4 þrepi | | Þrep 3 | | | | | | | | | | | | | | |

<u>Stærðfræði</u>: Lágmark er að taka 6 áfanga í stærðfræði. Sjötti áfanginn má vera á öðru, þriðja eða fjórða þrepi.

<u>Viðbót í stærðfræði og/eða raungrein að vali nemenda</u>: Hér mega vera raungreinar, stærðfræði og tölvunarfræði.

Menntaskólinn við Hamrahlíð

| Opin braut | Grein | Áfangar eftir hæfniþrepum: þrep 1 | | | þrep 2 | | þrep 3 | | | Einingar eftir hæfniþrepum: þrep 1 | þrep 2 | þrep 3 | Yfirlit: Einingar á braut |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íslenska | ÍSLE | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | 3DD05 | 3EE05 | | 10 e. | 15 e. | 25 e. |
| Stærðfræði | STÆR | | | | 2AA05 | 2BQ/BB05 | | | | | 10 e. | | 10 e. |
| Enska | ENSK | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | | | | 10 e. | 5 e. | 15 e. |
| Norðurlandamál eða tilsvarandi | | | | | 2AA05 | | | | | | 5 e. | | 5 e. |
| Þriðja erlent tungumál | | 1AA05 | 1BB05 | 1CC05 | | | | | | 15 e. | | | 15 e. |
| Viðbót í erlendum tungum. (a.m.k 5 e. í öðru en ensku) | | | | | | | | | | | | | 10 e. |
| Saga | SAGA | | | | 2AA05 | | | | | | 5 e. | | 5 e. |
| Félagsfræði* | FÉLA | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Heimspeki* | HEIM | | | | 2AA05 | | | | | | | | 5 e. * |
| Sálfræði* | SÁLF | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Þjóðhagfræði* | ÞJÓÐ | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Áfangi nr. tvö (BX05) í sögu eða í valinni félagsgrein hér að ofan (nema ÞJÓÐ). | | | | | | | | | | | | | 5 e. |
| Eðlisfræði** | EÐLI | | | | 2AQ/AA05 | | | | | | | | |
| Efnafræði** | EFNA | 1AQ05/2AA05 | | | | | | | | | | | 15 e. ** |
| Jarðfræði** | JARÐ | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Líffræði** | LÍFF | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Fyrsta kjörgrein | | | | | | | | | | | | | 25 e. |
| Önnur kjörgrein | | | | | | | | | | | | | 20 e. |
| Þriðja kjörgrein | | | | | | | | | | | | | 15 e. |
| Líkamsrækt | LÍKA | | | | | | | | | | 6 e. | | 6 e. |
| Lífsleikni | LÍFS | 1AA02 | 1AA01 | 1BB01 | | | | | | 4 e. | | | 4 e. |
| Valáfangar 25 e. | | | | | | | | | | + | | | 25 e. |
| (í samræmi við þrepaskilyrði) | | Þrep 1 | | | | | | | | = | | | **205 e.** |
| *Nemendur velja a.m.k. eina af þessum fjórum greinum 5 e. | | Þrep 2 | | | | | | | | Mest 72 e. | | Minnst 36 e. | |
| **Nemendur velja a.m.k. þrjár af þessum fjórum greinum 15 e. | | Þrep 3 | | | | | | | | | | | |

Flestar námsgreinar sem kenndar eru við skólann koma til greina sem kjörgreinar. Fyrsta kjörgrein þarf að vera 25 einingar umfram kjarnaeiningar, önnur 20 einingar umfram kjarnaeiningar og þriðja 15 einingar umfram kjarnagreinar.

**Nemendur ákveða kjörgreinar í samráði við námsráðgjafa, námstjóra eða áfangastjóra.**

Uppeldisfræðiáfangi getur verið í kjörgrein með félagsfræði eða með sálfræði.

Kynjafræði getur verið í kjörgrein með félagsfræði.

Kynheilbrigði getur verið í kjörgrein með sálfræði.

Ljósmyndun og myndlist geta verið saman í kjörgrein.

Listasaga getur verið í kjörgrein með sögu.

Mentor áfanginn getur verið í kjörgrein með sálfræði.

Þriðja kjörgrein: Tónlist getur verið þriðja kjörgrein ef um miðpróf er að ræða og einn framhaldsáfanga á hljóðfæri eða í söng, samtals 15 einingar. Listdans getur verið þriðja kjörgrein ef um samfellt nám í klassískum dansi (KLAD...) eða nútímadansi (NTDA...) er að ræða, samtals 15 einingar.

Ef nemandi hefur fengið a.m.k 15 einingar metnar í erlendur tungumáli sem ekki er kennt við skólann getur það komið inn sem **þriðja kjörgrein**.

| | | Áfangar eftir hæfniþrepum | | | | | | | | | | Einingar eftir hæfniþrepum | | | | Yfirlit | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Listdansbraut** | Grein | þrep 1 | | | þrep 2 | | þrep 3 | | | | þrep 4 | þrep 1 | þrep 2 | þrep 3 | þrep 4 | Einingar á braut | |
| Íslenska | ÍSLE | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | 3DD05 | 3EE05 | | | | 10 | 15 | | 25 | |
| Stærðfræði | STÆR | | | | 2AA/AH05 | 2BQ/BB05 | | | | | | | 10 | | | 10 | |
| Enska | ENSK | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | | | | | | 10 | 5 | | 15 | |
| Norðurlandamál eða tilsvarandi | | | | | 2AA05 | | | | | | | | 5 | | | 5 | |
| Þriðja erlent tungumál | | 1AA05 | 1BB05 | 1CC05 | | | | | | | | 15 | | | | 15 | |
| Viðbót í erlendum tungum. (a.m.k. 5e í öðru en ensku) | | | | | | | | | | | | 5 | 5 | | | 10 | |
| Saga | SAGA | | | | 2AA05 | | | | | | | | 5 | | | 5 | |
| Listdanssaga | LDSA | | | | | 2UÞ05 | 3ÞD05 | | | | | | 5 | 5 | | 10 | |
| Félagsfræði* | FÉLA | | | | 2AA05 | | | | | | | | | | | | |
| Heimspeki* | HEIM | | | | 2AA05 | | | | | | | | 5 | | | 5 * | |
| Sálfræði* | SÁLF | | | | 2AA05 | | | | | | | | | | | | |
| Líffræði | LÍFF | | | | 2AA05 | | 3CL05 | | | | | | 5 | 5 | | 10 | |
| Eðlisfræði** | EÐLI | | | | 2AQ/AA05 | | | | | | | | | | | | |
| Efnafræði** | EFNA | 1AQ/2AA05 | | | | | | | | | | | 5 | | | 5 ** | |
| Jarðfræði** | JARÐ | 2AA05 | | | | | | | | | | | | | | | |
| Klassískur ballett | KLAD | | | | 2JN05 | 2SH05 | 3ST05 | 3NH05 | 3LT05 | | 4FL05 | | 10 | 15 | 5 | 30 | |
| Táskór/Pas de duex Kvk | TÁSK | | | | 2CA03 | 2CB03 | 3DA03 | 3DB03 | 3DC03 | | 4EA03 | | 6 | 9 | 3 | 18 | |
| Styrktarþjálfun/Pas de deux KK | PDDX | 1CA03 | 1CB03 | | 2DA03 | 2DB03 | 3EA03 | 3EB03 | | | | 6 | 6 | 6 | | 18 | |
| Nútímadans | NTDA | | | | 2NR/NC05 | 2GN/NH05 | 3GN05 | 3NH05 | 3NC05 | 3SD05 | | | 10 | 20 | | 30 | 91 |
| Danssmíði | DSMÍ | | | | 2GD02 | | | | | | | | 2 | | | 2 | |
| Spuni | SPDA | | | | 2MH02 | 2LS02 | | | | | | | 4 | | | 4 | |
| Repertoire - klassísk dansverk | REPT | | | | 2KA02 | | 3KB02 | | | | 4KC03 | | 2 | 2 | 3 | 7 | |
| Lífsleikni | LÍFS | 1AA02 | 1AA01 | 1BB01 | | | | | | | | 4 | | | | 4 | |
| | | | | | | | | | | | | 24 | 99 | 76 | 11 | 210 | |
| **Valáfangar 5 einingar frjálst val** | | | | | | | | | | | | + | | | | 5 | |
| (í samræmi við þrepaskilyrði) | | Þrep 1 | | | | | | | | | | = | | | | **215** | |
| *Nemendur velja a.m.k. eina af þessum fjórum greinum (5e) | | Þrep 2 | | | | | | | | | | Mest 71 e | | Minnst 36 e | | | |
| **Nemendur velja a.m.k. eina af þessum þremur greinum (5e) | | Þrep 3 | | | | | | | | | | | | | | | |
| KVK taka TÁSK / KK taka PDDX | | | | | | | | | | | | | | | | | |

Útskrift af listdansbraut er háð því að áföngum í listdansi sé einnig lokið í listdansskóla viðkomandi nemanda sem og áföngum í MH.

Líffræði: Nemendur á listdansbraut, taka LÍFF3CL05 og til að geta valið hann þurfa þeir að sækja um undanþágu frá undanfara þar sem nemendur eru líklega ekki búnir með LÍFF2BB05 sem er undanfari LÍFF3CL05.

| Listmenntabraut | Grein | Áfangar eftir hæfniþrepum: þrep 1 | | | þrep 2 | | þrep 3 | | | Einingar eftir hæfniþrepum: þrep 1 | þrep 2 | þrep 3 | Yfirlit: Einingar á braut |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íslenska | ÍSLE | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | 3DD05 | 3EE05 | | 10 e. | 15 e. | 25 e. |
| Stærðfræði | STÆR | | | | 2AA05 | 2BQ/BB05 | | | | | 10 e. | | 10 e. |
| Enska | ENSK | | | | 2AA05 | 2BB05 | 3CC/CH05 | | | | 10 e. | 5 e. | 15 e. |
| Norðurlandamál eða tilsvarandi | | | | | 2AA05 | | | | | | 5 e. | | 5 e. |
| Þriðja erlent tungumál | | 1AA05 | 1BB05 | 1CC05 | | | | | | 15 e. | | | 15 e. |
| Viðbót í erlendum tungum. (5 e. Í öðru en ensku) | | | | | | | | | | | | | 10 e. |
| Saga | SAGA | | | | 2AA05 | | | | | | 5 e. | | 5 e. |
| Félagsfræði* | FÉLA | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Heimspeki* | HEIM | | | | 2AA05 | | | | | | | | 5 e. * |
| Sálfræði* | SÁLF | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Eðlisfræði** | EÐLI | | | | 2AQ/2AA05 | | | | | | | | |
| Efnafræði** | EFNA | 1AQ05/2AA05 | | | | | | | | | | | 15 e. ** |
| Jarðfræði** | JARÐ | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| Líffræði** | LÍFF | | | | 2AA05 | | | | | | | | |
| **Fyrsta listgrein: Leiklist eða myndlist** | | | | | | | | | | | | | 30 e. |
| **Söguáfangar tengdir listum** | | | | | | | | | | | | | 15 e |
| **Blanda af ýmsum listgreinum (leiklist, myndlist, ljósmyndun, tónlist, listdans, skapandi skrif, leikhúsáfangi í íslensku og tölvunarfræði, ...)** | | | | | | | | | | | | | 30 e. |
| Líkamsrækt | LÍKA | | | | | | | | | | 6 e. | | 6 e. |
| Lífsleikni | LÍFS | 1AA02 | 1AA01 | 1BB01 | | | | | | 4 e. | | | 4 e. |
| Samtals | | | | | | | | | | | | | |
| Valáfangar 15 e. í samræmi við þrepaskilyrði | | | | | | | | | + | | | | 15 e. |
| * Nemendur velja eina af þessum þremur greinum | | Þrep 1 | | | | | | | | = | | | 205 e. |
| **Nemendur velja þrjár af þessum fjórum greinum | | Þrep 2 | | | | | | | | Mest 72 e. | | Minnst 36 e. | |
| | | Þrep 3 | | | | | | | | = | | | |

- Fyrsta listgrein er annaðhvort **leiklist** eða **myndlist**.

Ýmsir áfangar koma til greina sem blanda af listgreinum (30 einingar):

- Leiklist, myndlist, listdans, tónlistarnám (miðpróf og framhald) og kór MH.
- Íslenskuáfangar tengdir listum eins og ÍSLE2BT05, ÍSLE3CL05, ÍSLE3CR05, ÍSLE3DL05.
- Enskuáfangar tengdir listum eins og ENSK3DW05, ENSK3DG05, ENSK3DM05.
- Ljósmyndun LJÓS2AD05.
- Tölvunarfræði.
- Frumkvöðlafræði ÞJÓÐ2AR05/2BR05.

Athugið að listinn er ekki tæmandi og í stöðugri endurskoðun.

- Söguáfangar tengdir listum eru t.d. SAGA3CK05, SAGA3CR05, LIST2BL05, LIST3CB05, LIST3CE05 og listdanssöguáfangar sem kenndir eru á listdansbraut: LDSA2UÞ05 og LDSA3ÞD05.

# Ýmislegt sem gott er að hafa í huga

- Táknmál getur einungis verið hluti af vali á öllum brautum.
- Kynjafræði, kynheilbrigði, uppeldisfræði eða fjármálalæsi geta ekki verið sem annar áfangi í félagsgrein eða samfélagsfræðigrein.
- Áfangi nr. tvö í sögu eða félagsgrein má ekki vera með fyrri einkennisbókstaf A.  T.d. getur FÉLA2AB05 ekki verið áfangi nr. 2 í félagsgrein þar sem hann er með A í fyrri einkennisstaf.
- Listasaga má vera annar áfangi í sögu á félagsfræðabraut og listasaga má vera sem viðbót í samfélagsgrein eða sögu
- Tölvunarfræði má vera viðbót í raungrein á náttúrufræðibraut.
- <u>**Kjörgreinar**</u>: Athuga þarf vel hvaða áfangar geta verið kjörgreinar.  T.d. getur þjóðhagfræði og hússtjórn og fleiri fög sem við kennum ekki nema kannski 1 eða 2 áfanga í, ekki verið kjörgrein. Velja þarf kjörgrein í samráði við náms- og starfsráðgjafa, námstjóra eða áfangastjóra.
    - Tónlist eða listdans geta verið þriðja kjörgrein.
    - Kynjafræði má standa sem kjörgrein í félagsfræði á opinni braut
    - Kynheilbrigði má standa sem kjörgrein í sálfræði á opinni braut
    - Mentor má standa sem kjörgrein í sálfræði á opinni braut
    - Uppeldisfræði má standa sem kjörgrein í félagsfræði eða í sálfræði á opinni braut
    - Ljósmyndun má vera með myndlist, ef myndlist er kjörgrein á opinni braut eða fyrsta listgrein á listmenntabraut.
    - Listasaga má vera með sögu ef saga er kjörgrein á opinni braut.

# Ýmislegt sem gott er að hafa í huga  - framhald

- Ef nemandi hefur ekki tekið dönsku (eða sænsku eða norsku) í grunnskóla er hægt að velja eitthvert annað erlent tungumál í staðinn, í samráði við áfangastjóra eða náms- og starfsráðgjafa. **Það má þó ekki vera sama tungumál og þriðja tungumál nemandans og það má ekki vera enska.**
- Leyfilegt er að taka aukaáfanga í líkamsrækt. Íþróttaeiningar umfram tvær teljast ekki með í lágmarki til stúdentsprófs.
- Hægt er að hafa listdans sem val á öðrum brautum en listdansbraut - hámark 25 einingar.
- Á náttúrufræðibraut er frjálsa valið 15 einingar svo ef 25 einingar eru metnar þangað inn, sem passa ekki í brautaruppbygginguna, þá yrðu 10 einingar umfram 205 einingar.
- Líkamsrækt, yndislestur, kór, lífsleikni og skák eiga einungis að vera í aðalvali, ekki varavali.
- Ef nemandi er með vottorð í líkamsrækt þá þarf að koma því til náms- og starfsráðgjafa og taka bóklega einingu á móti.
- Þriðja tungumál verður að vera tungumál sem við kennum í MH: þýska, franska eða spænska. Ef nemanda tekst að taka 3 áfanga í ítölsku, japönsku eða kínversku þá má það tungumál vera 3ja tungumál (gert eftir á), en við skuldbindum okkur ekki til að hafa þessi tungumál alltaf í boði.

# Algengar spurningar

- **Hvern læt ég vita hvaða greinar ég hef valið sem kjörgreinar á opinni braut?**
  - Nemandi lætur umsjónarkennara vita eða getur farið til náms- og starfsráðgjafa, námstjóra eða áfangastjóra. Eftir það sést í Innu hverjar kjörgreinarnar eru. Þetta þarf að gera um leið og hægt er og ekki seinna en á þriðju önn.
- **Má ég velja sænsku eða norsku?**
  - Sænska og norska eru bara fyrir nemendur sem hafa lært þessi mál í staðinn fyrir dönsku í grunnskóla eða búið í Noregi eða Svíþjóð. Áfangarnir sem við kennum eru ekki fyrir byrjendur.
- **Má skipta um braut?**
  - Það má skipta um braut eftir fyrstu önnina. Það er gert hjá náms- og starfsráðgjöfum eftir samtal um hvers vegna og hvað hafi breyst. Nemendur geta skipt um braut á fyrri hluta annar, fyrir valið.
- **Má velja AQ, BQ áfanga?**
  - Nemendur á náttúrufræðibraut eiga ekki að velja AQ eða BQ áfanga. AA og BB áfangar geta komið í stað AQ og BQ áfanga en ekki öfugt.
- **Hraðferðir**
  - Ef nemandi er með einkunn 8 eða hærri þá getur hann sótt um að fara í hraðferð í nokkrum fögum. Hraðferðir hverju sinni má finna í áfangaframboði viðkomandi annar.

# Nokkur atriði í viðbót ☺

- **P-umsóknir og undanþága frá undanfara:**
  - Sótt er um P-áfanga og undanþágu frá undanfara á heimasíðu skólans á sama tíma og valið er.
- **STÆR1AU05:**
  - STÆR1AU05 er undirbúningsáfangi á fyrsta þrepi í stærðfræði. Hann getur einungis verið sem val á námsferli - ekki sem hluti af kjörgrein.
- **DANS1AU05**:
  - DANS1AU05 er undirbúningsáfangi á fyrsta þrepi í dönsku. Hann getur einungis verið sem val á námsferli - ekki sem hluti af kjörgrein eða viðbót í erlendum tungumálum.
- **Hússtjórn**:
  - Nemendur greiða efnisgjald í hússtjórn.
- **Myndlist**:
  - Nemendur greiða efnisgjald í myndlist.